

Fundargerð - Ráðherrann í Namibíu

Dags: 17. maí 2012

Staður: Búgarður ráðherrans í Namibíu.

Viðstaddir:

- Ráðherra Namibía, Hon. Bernhard Esau
- James Hatuikulip
- Tashi Shiimi-ya-Shiimi
- Tamson Hatuikulip
- Þorsteinn Már Baldvinsson
- Aðalsteinn Helgason
- Jóhannes Stefánsson

Fundarpunktur:

- Farið yfir stöðuna í sjávarútveginum í Namibíu yfir höfuð, stöðu Namsov og Erongo, nýjir aðilar inn.
- Það er nefnt að fyrir ári síðan var ekki minnst á landvinnslu í Namibíu á hesti en nú er sú umræða í gangi og vinnslan Gendev að prófa sig áfram (tilraunarkvóta, 2.000 tonn sem að þeir eru búnir með).
- Farið yfir markaðsmálin, það kemur fram að markaðurinn er í lægð og geta verið nokkrar ástæður fyrir því, offramboð, verðið verið of hátt síðustu ár, samkeppni við kjútlung, skortur á fjármagni og fl.
 - Einnig nefnt að fiskurinn er smærri núna sem að gefur lægra verð.
- Það er nefnt að hálfu Kötlu að það gæti verið hugmynd að stoppa hluta af árinu þegar fiskurinn er svo smár eins og tímabilið sem að er koma núna. Þetta yrði gert til að hvíla stofninn og draga úr veiði á smáfiski.
- Það er farið aðeins yfir stöðu mála í nýju kvóta JVinum fyrir hest. Það er farið yfir hvað þetta getur verið erfitt og flókið að vinna með. Eftirfarandi punktar koma frá Samherja/Kötlu sem að ráðherrann virðist vera sama sinnis:
 - Það kemur fram að það getur skapast óvissa að vinna með kvóta JVium.
 - Upplýsingar leka mikið þegar það er verið að ræða við þau.
 - Namsov og Erongo eru að borga aðilum innan kvóta JV til að hafa áhrif á niðurstöður þeirra.
 - Það er líka nefnt að það hefur verið jákvætt að vinna með JV7 og að þær upplýsingar sem við höfum þá séu þeir ánægðir með samstarfið.
- Það kemur fram frá Kötlu að Katla hefur átt gott samstarf við alla aðila í landinu, eins og ráðuneytið, verkalýðsfélagið, áhöfnina, byrgja og fl. Einnig að Katla hefur gott orðspor á sér í Namibíu.
 - Ráðherrann spyr hvort að það hafi verið allt í lagi að vinna með „ships chandlers“ varðandi ýmsar vörur og hefur Katla ekkert út á þá að setja eins og er, og bendir á að fram að þessu hefur ekki verið mikið keypt af þeim.
- Það er farið yfir hugsanlega hugmynd Samherja að þurrkun fyrir hausa og hryggi af Hake. Að þetta gæti skapað fjárfestingu í landi og mörg störf.
 - Þetta er ekki nýtt í dag í iðnaðinum og fer allt í sjóinn, allavega af þeim upplýsingum sem Samherji/Katla hefur.
 - Þetta gæti skapað mikil verðmæti fyrir sjávarútveginn og skapað mörg störf.
- Það er farið yfir þá hugmynd að Samherji / Katla Seafood hafi áhuga að fjárfest í litlri vinnslu í Walvis Bay fyrir Hake, Skötusel og Hest, jafnvel aðrar tegundir.

- Það er nefnt að hálfu Samherja að það getur verið mjög áhugavert að senda ferskan fisk eins og Hake og Skötusel til Frankfurt með flugi frá Windhoek til Frankfurt.
- Farið yfir Frankfurt vinnsluna og hvað hún er að gera, það er að vinna fisk í neytindaumbúðir, dreifa fisk og fl.
- Ráðherrann minnst á að það gæti verið hægt að sækja um tilraunarleyfi fyrir einhverja fisktegundina eða hann minnst á að hann hafi þælt í því.
- Talað um af öllum aðilum að það sé mikil áskorun framundan að fara að semja við kvóta JVin í hesti en það lekur allt sem að er talað um við þau. Það er sjoppað með tilboðin á milli aðila til að ata þeim saman.
- Samherji hefur áhuga á að fara í Hake vinnslu, Skötusel, þurrkun á hausum/hrygg, Skötusel og skoða með landvinnslu á hesti.
- Sýningi í Swakompund, Namibia National Fisheries Olupale Leeshi 2012 en ráðherrann segir að það væri gott að Katla myndi skrá sig þar og taka þátt í umræðunum þar sem að Katla tekur vel undir.
- Ráðherrann kemur að því að iðnaðurinn í heild verði að taka hann uppá hærra plan í sameiningu.
- Ráðherrann spyr möguleika á að leita eftir nýjum tegundum í Namibíu.
- Það kemur fram af báðum aðilum að nýjir aðilar í hesti hafa haft jákvæð áhrif á iðnaðinn þegar.
- Ráðherrann kemur að því að kvóta JVin verða að standa sig gagnvart ýmsum skilyrðum sem að sett eru fram og þurfa að huga að gjöld, skattar og fl séu greitt. Einnig gera góð skil á því hvernig peningunum hefur verið varið sem að þau fengu greitt.
- Það kemur fram að Katla hafi haft 24 Namibíumenn um borð af 96 um borð í Heinaste.
 - Hugmynd Samherja/Kötlum að hægt sé að hafa 25 um borð og 25 heima, hafa tvöfalda áhöfn og hafa tryggingu hvern mánuð fyrir alla sjómennina.
- Ráðherrann er tilkynnt að Heinaste sé farinn og að það komi annað skip mjög fljótlega og það sé betra skip.
- Ráðherrann hefur mikinn áhuga á að skoða skip Kötlum og er talað um að það verði reynt að skipuleggja sem fyrst.
- Samherji / Katla bendir á að það vilji vinna hér til lengri tíma og það sé vel virt hið góða fiskveiðistjórnunarkerfi sem að er í Namibíu og það gerir Namibíu að mjög áhugaverðum stað til að vinna í.
- Það kemur frá Samherja að það eigi að nota tekjur af starfseminni til að fjárfesta og þróa iðnaðinn, einnig kvóta JVin og tekið undir það af ráðherranum.
- Það kemur frá frá Samherja að það sé nauðsynlegt að hafa áreiðanlegan partner til að vinna með til að geta byggt upp og fjárfest í iðnaðinum.
- Ráðherrann segir að það sé gott að semja einnig við kvóta JVin fyrir ýmsar tegundir af fiski ef að það sé verið að huga að vinnslu.
- James og ráðherrann koma að Mozambik og er rætt að það er samvinna á milli Namibíu og Mozambik. Það er skipst á kvótum á milli landana. Mozambik fær meðalannars hestakvóta til veiða í Namibíu og er talið að Erongo sé að veiða hann.
 - Það er talað um að það sé áhugavert að komast yfir þann kvóta en hann er talinn vera 8.000 tonn.
 - Mozambik er með tegundir eins og: Rækjur, Humar og Túna, en þeir ætla að athuga þetta frekar.
- Heimsókn til Íslands er rædd og verður athugað með dagsetningu en ráðherrann er að fara til Finnlands til að taka á móti nýju rannsóknarskipi fyrir Namibíu í lok Júní. Það er spurning um að nota ferðina í leiðinni til að heimsækja Ísland og hugsanlega að stoppa í Frankfurt til að skoða vinnsluna þar og dreifingarstöðina.
- Það kemur fram mikilvægi Namibíuvæðingarinnar.
- James nefnir að það þarf að komast yfir kvótaréttindi fyrir þá að hafa, það þarf að vinna í að fá kvóta af því sem að á eftir að úthluta (80.000 t) og það sé vinnslu að klára Namibíuvæðinguna (Namibinisation).

- o Ráðherrann segir að hann skilji að menn þurfi „comfort“ og að það sé verið að leitast eftir. Hann muni koma tilbaka hvað það varðar fyrir lok júní, það eru þau atriði sem að James nefndi.
- Það virðist hafa komið vel til skila að ekki sé hægt að byggja upp og fjárfesta í iðnaðinum ef að öryggi um kvóta er ekki til staðar og á eðlilegum verðum, og að það sé unnið með góðum partnerum.

Það var sameiginlegur skilningur á fundinum og virðast á allir vera á sama máli.

Fundurinn tókst vel að mati allra og var jákvæður, og var gefinn góður tími til fundar.

Avrit frá kvf.fo